



Reglur um umsókn og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Ísafjarðarbæjar en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum nr. 91/2008, um grunnskóla, með síðari breytingum. Samkvæmt sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum nr. 76/2006.

2. gr.

Skólahverfi

Í Ísafjarðarbæ eru fjögur skólahverfi og meginreglan er að nemendur sækji skóla í því hverfi sem þeir eiga lögheimili. Foreldrum er heimilt að óska eftir að barn sækji annan skóla en skólahverfið segir til um.

3. gr.

Umsóknir

Sækja skal um skólavist rafrænt í gegnum þjónustugátt Ísafjarðarbæjar og verður móttaka umsóknar að vera staðfest.

4. gr.

Val um grunnskóla og meðferð umsókna

Foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í sveitarfélaginu samkvæmt reglum þessum.

Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga forgang um skólavist í hverfisskóla ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.

Skólastjórnendur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Ísafjarðarbæ skólavist í viðkomandi skóla enda sé nægjanlegt húsrými til staðar. Ísafjarðarbær og hlutaðeigandi sveitarfélag gera með sér samning um greiðslu námskostnaðar.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar leggja sig fram um að mæta óskum foreldra og barna og taka vel á móti þeim börnum sem óskað er eftir skólavist fyrir.

Komi til þess að hafna þurfi nemendum sem eiga lögheimili utan viðkomandi skólahverfis vegna húsnæðisaðstæðna skólans vega eftirfarandi þættir þyngst við ákvarðanatöku:

- Nálægð heimilis við skóla
- Systkini stunda nám við skólann
- Skólinn hefur betri forsendur en aðrir til að sinna þörfum viðkomandi nemenda
- Aðrar persónulegar ástæður eða aðstæður fjölskyldu

Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar eða af öðrum lögmætum ástæðum, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það skriflega til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skóla. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðslu umsóknar muni tefjast skal skólastjóri upplýsa foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

Nemendum stendur ekki til boða skólaakstur ef þeir velja skóla fjarri heimili sínu, utan skólahverfis eða utan lögheimilissveitarfélags.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og taka gildi frá og með 21. október 2021.